

Umhverfis- og
auðlindaráðuneytið

592. mál

Minnisblað

Viðtakandi: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Sendandi: Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Dagsetning: 02.05.2014
Málsnúmer: UMH14040015
Bréfalykill: 0021

Efni: Bráðabirgðaákvæði í lög nr. 70/2012 um loftslagsmál vegna reglugerðar (ESB) nr. 421/2014.

Þann 30. apríl, var reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 421/2014 frá 16. apríl 2014 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins með tilliti til framkvæmdar á alþjóðasamningi um beitingu sameiginlegrar markaðstengdrar heildarráðstöfunar um alþjóðlega losun frá flugi frá árinu 2020, tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2014 frá 30 apríl 2014.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis var upplýst um efni reglugerðarinnar þegar reglugerðin var enn á tillögustigi með minnisblaði, dags. 6. febrúar sl. Í minnisblaðinu var þess farið á leit við nefndina að hún legði fram tillögu um nauðsynlega breytingu á loftslagslögum í formi bráðabirgðaákvæðis. Í minnisblaðinu var enn fremur lögð fram tillaga að slíku bráðabirgðaákvæði. Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um upptöku gerðarinnar í EES-samninginn án stjórnskipulegs fyrirvara, 29. apríl sl., því mikilvægt var að reglugerðin tæki gildi á sama tíma á öllu EES-svæðinu.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti ítrekar ósk sína að umhverfis- og samgöngunefnd leggi fram tillögu að bráðabirgðaákvæði í loftslagslögin. Með þessu minnisblaði fylgir tillaga að breyttu bráðabirgðaákvæði við lög nr. 70/2012 um loftslagsmál. Mikilvægt er að bráðabirgðaákvæðið verði sett í lög nr. 70/2012 en með því móti verður reglugerð til innleiðingar á reglugerð (ESB) nr. 421/2014 sett fullnægjandi lagastöð auk þess sem það verður engum vafa undirorpið hvaða skyldur hvíla á flugrekendum varðandi skýrsluskil og skil á losunarheimildum skv. loftslagslögum nr. 70/2012. Ráðherra mun í framhaldi næsta haust leggja fram frumvarp á Alþingi til fullnaðarinnleiðingar á reglugerð nr. 421/2014.

Ákvæði til bráðabirgða

Skylda flugrekenda til að skila skýrslu fyrir árið 2013 skv. ákvæði 21. gr. og skylda flugrekenda til að standa skil á losunarheimildum skv. 17. gr. vegna losunar árið 2013 frestast um eitt ár til 31. mars 2015 annars vegar og 30. apríl 2015 hins vegar. Ekki verður breyting á skyldu flugrekenda til að vakta losun sína skv. 21. gr.

Ráðherra setur reglugerð til innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 421/2014 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins með tilliti til framkvæmdar á alþjóðasamningi um beitingu sameiginlegrar markaðstengdrar heildarráðstöfunar um alþjóðlega losun frá flugi frá árinu 2020.